

MYNDLIST Í LEIKSKÓLA

ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ FYRIR LEIKSKÓLAKENNARA Í MYNDLISTASKÓLANUM Í REYKJAVÍK



Námskeið í myndlist og skapandi starfi með leikskólabörnum.

Kennarar: Elsa Dóróthea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir

Tími: 17. september 2011 (laugardagur) klukkan 10-16

Staður: Hringbraut 121

Verð: 15.000

Skráning hefst mánudaginn 30. maí.

Undanfarin ár hefur Myndlistaskólinn í Reykjavík átt í árangursríku samstarfi við Leikskólasvið Reykjavíkurborgar sem hefur meðal annars falið í því að ákveðnir leikskólar hafa komið með barnahópa í myndlistarnám í Myndlistaskólann. Verkefnið er tvíþætt og snýr annars vegar að börnunum en hins vegar að leikskólakennurum og starfsfólki leikskólanna. Markmiðið er annars vegar að gefa börnum á leikskólaaldri tækifæri til að kynnast námi í myndlistaskóla og veita þeim innsýn í töfraheim myndlistarinnar undir handleiðslu fagfólks á sviði myndlistar og hönnunar. Hins vegar er það endurmenntun leikskólakennara í myndlistarkennslu og að styðja þá við að auka myndlistarkennslu og skapandi starf í leikskólunum sjálfum.

Endurmenntunarnámskeiðið byggir á reynslu þessa samstarfs.

Frekari upplýsingar um starf Myndlistaskólans með börnum á leikskólaaldri er að finna tveimur skýrslum á heimasíðu skólans:

http://myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/leikskolaskyrsla_07-08.pdf

http://myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/leikskolaskyrsla_dvergasteinn_99-03.pdf